



2. DKG-fundur starfsársins 2018-2019 haldinn á Flúðum 27. október 2018

Fundur í Epsilondeild, fundartími kl. 11:00
Fundarstaður, Hótel Flúðir

1. Ingibjörg Þorleifsdóttir formaður setti fundinn bauð fundarkonur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Formaður las upp nöfn félagskvenna og voru 19 mættar.
3. Ritari las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
4. Erindi dagsins.
Ásborg kynnti starf og síbreytileg verkefni ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnessýslu.
5. Myndataka
Sigríður Guðnadóttir tók einstaklingsmyndir af fundarkonum fyrir vefsíðu Epsilondeildar.
6. Happprættið var á sínum stað Guðrún Þóranna hlaut vinninginn.
7. Formaður talaði um önnur mál og sleit fundi.
8. Vettvangsheimsókn í Gömlu laugina/Secret Lagoon sem er í dag einn af vinsælustu ferðamannastöðum Uppsveitanna. Björg kynnti merka sögu laugarinnar og einnig þá miklu uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað undanfarin ár. Það er sonur hennar Björn Kjartansson sem hefur unnið það verk og rekur laugina í dag. Gamla laugin var upphaflega gerð 1891 og er elsta sundlaug á Íslandi. Talið er að þar hafi verið baðstaður í gegnum aldirnar, en laugin er í landi Grafar þar sem þingstaður Hrunamannahrepps var til ársins 1894. Fyrsta sundnámskeiðið í lauginn var haldið 1909 og síðan árlega til ársins 1947 www.secretlagoon.is

9. Heimsókn á Farmers Bistro, Flúðasveppum

Þar var borðaður hádegisverður af sveppahlaðborði, súpa, brauð, meðlæti. Að því loknu var kynning á fyrirtækinu og ræktuninni hjá Flúðasveppum sem er eini svepparæktandinn á Íslandi og Flúða-Jörfa sem voru fyrst til að rækta papriku á landinu, ræktunarferlið rakið og kíkt inn í sveppaklefa.

www.farmersbistro.is